

Alþingi
Erindi nr. P 127/746
komudagur 18.2.2002



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 14. febrúar 2002


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa nr. 115/1985

Frumvarpið kveður á um að Siglingastofnun geti heimilað að fiskiskip sem skráð er á íslenska skipaskrá sé skráð þurleiguskráningu á erlenda skipaskrá. Þurleiguskráningin sem er tímabundin skráning er háð fjölmörgum takmörkunum sem ekki verða raktar hér.

Vélstjórafélag Íslands er í andstöðu við frumvarpið af eftirfarandi ástæðum: Við teljum að það muni, verði það að lögum, auka ásókn erlendra vélstjóra í störf á íslenskum skipum í framhaldi af veru þeirra um borð í skipinu eftir að það er skráð á þurleigu:

Það er einnig ljóst að sá afli sem fæst á skipið þurleiguskráð kemur ekki íslenskri útgerð þess til góða: Þar sem íslensk lög gilda ekki á meðan á þurleiguskráningu stendur má búast við að viðhaldi þess hraki svo og öllum öryggisbúnaði.

Rétt er að benda á að í skýrslu undirbúningshópsins kom fram að það eru aðeins tvö ríki í Evrópu sem leyfa skráningu af þessu tagi þ.e. Eistland og Lithaen sem eiga nú ekki margt sameiginlegt með Íslandi

Virðingarfyllst,
f.h. Vélstjórafélags Íslands


Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!

Borgartúni 18 105 Reykjavík sími: 562 9062 bréfasími: 562 9096
Umboðsskrifstofur: Vesturlandi: Sæbóli 29 350 Grundarfirði sími: 438 6894 Norðurlandi: Skipagötu 14 600 Akureyri sími: 4621870
Suð-Asturlandi: Smárabraut 13 780 Höfn Hornafirði sími: 478 1255
Deildir: Suðurnesjum: Hafnargötu 32 230 Reykjanesbæ Vestfjörðum: Hlíðarstræti 14 415 Bolungarvík
Vestmannaeyjum: Básam Básaskersbryggju 900 Vestmannaeyjum